

## Formannafundur UMSB haldinn í Heiðarskóla 22.10.2014 í boði íþróttá og ungmennafélags Hvalfjarðarsveitar.

Mættir á formannafund: 22 okt. 2014

Sigurður Guðmundsson sambandsstjóri UMSB  
Pálmi Blængsson framkvæmdastjóri UMSB ,  
Sigurður Guðmundsson tómskundafulltrúi UMSB,  
Snorri Þórðarson GK Glanna,  
Kolbeinn Magnússon hmf. Faxe,  
Jón Friðrik Snorrason Umf. Íslendingi.  
Borgar Páll Bragason frjálsíþróttafél. Borgarfj.  
Guðrún Þórðardóttir Dansíþróttafél Borgarfjarðar  
Dagný Hauksdóttir Ungm. og íþr.fél. Hvalfjarðarsveitar,  
Stefán Logi Haraldsson hmf. Skugga.  
Ívar Örn Reynisson knattspyrnud. Skallagríms.  
Guðný Kristín Guðnadóttir Umf og íþr.fél Hvalfjarðar,  
Agnes Guðmundsdóttir Umf. Stafholtst.  
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir Umf. Reykdala,  
Berglind Ósk Guðjónsdóttir Umf. Reykdæla,  
Helga J. Svavarsdóttir sunddeild Skallagríms.  
Sigurjón Helgason Umf. Björn Hítðælakappi,  
Bergur Þ. Jónsson Dansíþróttafél. Borgarbyggðar,  
Kristinn Ó Sigmundsson körfuknattleiksd. Skallagríms.  
Olgeir Helgi Ragnarssona leikdeild Skallagríms,  
Þorvaldur Ingi Árnason Umf. Dagrenningu.  
Sigríður Guðbj. Bjarnadóttir badmintond. Skallagríms,  
Kristín Gunnarsdóttir gjaldk. UMSB ,  
Ásgeir Ásgeirsson varasambandsstj. UMSB

Sigurður Guðmundsson (S.G.) sambandsstjóri setti fundinn og biður menn að kynna sig og starf félaga sinna.

S.G. útskýrði endurútreikning á starfsstyrkjum vegna þriggja félaga sem misstu af lestinni. Jafnframt var ítrekað að ekki yrði gefinn svona afsláttur oftar. Þetta væru tiltölulega auðsóttir fjármuunir og ekki ætti að þurfa að ganga á eftir félögum að senda inn gögn.

Pálmi Blængsson ( P.B.) framkvæmdastj. kynnti samning milli UMSB og Borgarbyggðar um íþróttá og tómskundaskólann . Þar er inni leikjanámskeið á sumri, vinnuskólinn félagsmiðstöðvar og íþróttá og tómskundaskóli.

P.B. útskýrir plagg um forgangsroðun á uppbyggingu íþróttamannvirkja, tékklistinn vegna viðhalds hefur stytst en ekki nóg. Athuga þarf betur með sundlaugina og skráningarforrit fyrir sundið. Nauðsynlegt að taka þessi mál upp á vofundi.

Nóra utanumhaldskerfi fyrir skráningar og innheimtu. Sá sem átti að kynna þetta veiktist en Pálmi gerði sitt besta með aðstoð Dagnýjar Hauksdóttur sem sýndi aðeins hvernig þetta leit út hjá henni sem er með 3 börn í allskonar íþróttum á Akranesi. Mikill áhugi fyrir frekari

kynningu sem gæti farið fram eftir um ½ mánuð. Formenn félaga hvattir til að skoða Nora með félögum sínum.

S.G. hvetur félögin til að nota heimasíðuna meira til að gera hana líflegri.

Fundarmenn kvarta yfir að fundagerðir vanti inn á heimasíðuna. Fram kom ósk um að vita fyrirfram hvenær stjórnarfundir eru svo erindi frá félögunum geti legið fyrir.

Fyrirmyndarfélögin – Pálmi er byrjaður að vinna í einhverjum línnum vegna þessa og hvetur félögin til að hafa samband og reyna að vinna þetta saman, Pálma falið að senda póst á félögin og smala á vinnukvöld til að vinna í þessu. Viðar hjá ÍSÍ er tilbúinn að koma og aðstoða.

Spurt úti ferlið við ráðningu Sigurðar tólmstundafulltrúa – Sigurður sambandsstj svarar því og útskýrir.

Sambandið þarf að hefjast handa um að setja sér forvarnarstefnu. P.B er að vinna í þessu samhliða undirbúningi vegna fyrirmyndarfélags og fyrirmyndarhéraðssambands.

Jólagjöfin í ár er félagsbúningur! Formenn hvattir til að auglýsa nýjan félagsbúning UMSB og aðildarfélaganna með það að markmiði að hann verði í jólapakka sem flestra í ár.

Sigurður sambandsstj. slítur fundi.